

Framtalsgerð og upplýsingaskil rekstraraðila 2024

Skylduskil á RSK 1.04

Öllum skattskyldum lögðilum er *skylt* að skila skattfram-tali sínu á forminu **RSK 1.04**. Ennfremur er einstaklingum í atvinnurekstri með veltu yfir 30 m.kr. á árinu 2023 *skylt* að skila uppjöri rekstrar sínus á því formi.

Leiðbeiningar um útfyllingu og skil rekstrarframtalsins er að finna á vef Skattsins, skatturinn.is.

Skilaleiðir

Skattframtalí rekstraraðila **RSK 1.04** má skila:

- Á netframtalí á þjónustusíðu framteljanda, skattur.is.
- Með tölvuskeyti úr framtalsforriti.
- Á pappíseyðublaði **RSK 1.04**. (*Ef alls ekki er unnt að skila rafrænt*).

Skattframtalí rekstraraðila **RSK 1.04 skal nánast undantekningalaust fyllt út og skilað á tölvutæku formi.**

Öll rafræn framtöl fá ákveðna *villuprófun*, sem tryggir réttar samtölur og innbyrðis samræmi í útfylltu framtali.

Vefskil á RSK 1.04

Boðið er upp á skil á **RSK 1.04** í *netframtalí Skattsins*.

Farið er inn á netframtalíð í gegnum þjónustusíðu á skattur.is og til þess notuð kennitala og veflykill. Veflykillinn er sendur öllum nýjum framteljendum á sérstöku blaði.

Skil með tölvuskeyti úr framtalsforriti

Skila má **RSK 1.04** með dulituðu og undirituðu XML-skeyti, eftir að framtalið hefur verið fyllt út á tölvutæku formi í framtalsforriti endurskoðenda og bókara.

Fylgiskjöl með RSK 1.04

Almenna reglan er sú að **RSK 1.04** skuli fylgja ósaman-dreginn ársreikningur viðkomandi félags, ásamt skýringum. Ársreikningi er hægt að skila rafrænt í gegnum þjónustusíðu á skattur.is.

Ath. Ef félag er örfélag og það skilar ársreikningi til árs-reikningaskrár með „Hnappnum“, þá þarf það ekki að skila hefðbundnum ársreikningi með skattframtalí sínu.

Með **RSK 1.04** skal einnig, eftir því sem við á, skila:

- RSK 4.01 Eignaskrá.
- RSK 4.03 Rekstraryfirlit fólksbifreiðar.
- RSK 4.09 Greinargerð um fólksbifreiðar.

- RSK 2.025 Greiðsluyfirlit vegna greiðslna til erlendra aðila.
- RSK 4.21 Greinargerð um skattfrádrátt nýsköpunarfyrirtækis.
- RSK 4.22 Nýsköpun-samstarfsverkefni.
- RSK 4.24 Skýrsla lögðila á lágskattasvæði (CFC).
- RSK 4.25 Skýrsla eiganda í lögðila á lágskattasvæði.
- RSK 4.28 Tengdir aðilar og skjölunarskylda vegna milliverðlagningar.
- RSK 4.29 Greinargerð um aflaverðmæti og rekstrar-kostnað fiskiskipa.

Lögðilar í búrekstri þurfa ennfremur að skila sérstöku eyðublaði í rafrænum skilum, **RSK 4.07**, ásamt **RSK 1.04**. Á þessu eyðublaði er yfirlit yfir bústofn. Skili lögðilar í búrekstri **RSK 1.04** á pappír, þarf að fylgja með bústofns-hluti landbúnaðarskýrslu **RSK 4.08**.

Eyðublöðunum **RSK 10.26** og **RSK 10.27** ber eftir atvikum að skila vegna virðisaukaskatts. Jafnframt þarf að skila eyðublaði **RSK 10.25** vegna hvers virðisaukaskattsnúmer, ef framteljandi hefur fleiri en eitt slíkt númer. Öllum þessum eyðublöðum er hægt að skila rafrænt.

Pappírsframhaldseyðublað RSK 4.14

Ef ekki eru nógum margar línum á **RSK 1.04** á pappírsformi til að sundurliða upplýsingar um samrekstraraðila, skal nota framhaldsblað **RSK 4.14**. Merkja skal í þar til gerðan reit (0060) á **RSK 1.04**.

Sundurliða skal leiðréttigar skv. reitum 1030, 1040, 1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384, 4386, 4390, 4391, 6080, 6092, 6110, 6122, 6136, 6150, 6164, 6176, 6186, 6198, 6232, 7190, 0695 og 9621 í sérstakri töflu á framhaldsblaðinu.

Þar á einnig að sundurliða þær skattalegu leiðréttigar, sem fram koma í reit 4400 á 4. síðu **RSK 1.04**. **Ef reitur 4400 á RSK 1.04 er útfylltur skal undantekningalaust skila framhaldseyðublaði RSK 4.14.**

Kennitala þarf að koma fram á öllum framhaldsblöðum.

Sé framtalí skilað á tölvutæku formi, þarf aldrei að skila framhaldsblaði RSK 4.14, því reitir framhalds-blaðsins eru innbyggðir í tölvutæk skil.

Mikilvæg atriði varðandi útfyllingu RSK 1.04 á pappír

- Ljúka þarf útfyllingu alls framtalsins, eftir því sem við á. Allar blaðsíður framtalsins mynda í raun eitt samhangandi form.
- Nauðsynlegt er að fylla út í samtölureiti. Þetta gildir sérstaklega um reiti 4990 og 7990. Í rafrænu framtali er sjálfvirkur útreikningur í samtölureitum.
- Fjárhæðir í reitum 4990 og 7990 skulu undantekningalaust fluttar í reiti 0900/0910 og 0920/0930, á forsíðu framtalsins. Þetta gerist með sjálfvirkum hætti í rafrænu framtali.

Skattframtal óskattskyldra lögaðila – RSK 1.06

Félög/stofnanir sem njóta undanþágu frá tekjuskatti, skv. 4. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003 (þó ekki félög í 4. tölul. 4. gr.), eiga **ekki** að skila skattframtali rekstraraðila **RSK 1.04**. Þau geta þó eftir sem áður þurft að skila margvíslegum gögnum til skattyfirvalda.

Á sérstöku eyðublaði í rafrænum skilum, **RSK 1.06**,

Skattframtal óskattskyldra lögaðila, eiga að koma fram allir gjaldstofnar sem þessi félög geta átt að gera grein fyrir og skila til skattyfirvalda. Hér er aðallega um að ræða tryggingagjaldsstofn (ef félagið hefur greitt laun á árinu). Hafi félagið haft arð af hlutabréfum, hagnað af sölu hlutabréfa eða vaxtatekjur þarf að fylla út kaflann „Greinargerð um fjármagnstekjur“ á **RSK 1.06**.

Þau félög sem telja sig undanþegin skattskyldu skv.

4. tölul. 4. gr. tekjuskattslaga eiga þrátt fyrir það að skila hefðbundnu skattframtali á forminu **RSK 1.04 (en ekki á forminu **RSK 1.06**).**

Skil á launaupplýsingum vegna álagningar tryggingagjalds og fjársýsluskatts (launaframtal)

Á árinu 2024 verða skil lögaðila og einstaklinga í rekstri á launaframtal með óbreyttum hætti frá fyrra ári:

- Skattskyldum lögaðilum skv. I. kafla laga nr. 90/2003 ber að gera grein fyrir gjaldstofni tryggingagjalds og fjársýsluskatts á 8. síðu skattframtals rekstraraðila **RSK 1.04**. Skilafrestur skattframtals lögaðila rennur út í lok maí 2024.
- Félög/stofnanir sem njóta undanþágu frá tekjuskatti, skv. 4. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003 (þó ekki félög í 4. tölul. 4. gr.), og sem greiða laun eða eru með aðrar tryggingagjaldsskyldar greiðslur, skila launaframtalí sínu (stofni til tryggingagjalds) sem hluta af skattframtali óskattskyldra lögaðila **RSK 1.06**. Skilafrestur rennur út í lok maí 2024.
- Einstaklingar sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi gera grein fyrir gjaldstofni tryggingagjalds á samræmingarblaði **RSK 4.05** í rafrænu framtalí sínu. Einstaklingsframtölum skal skila í mars á hverju ári.

Skil á launamiðum og samtalningsblaði

Prátt fyrir að skattskyldir lögaðilar geri grein fyrir stofni til tryggingagjalds og fjársýsluskatts á bls. 8 á **RSK 1.04**,

þá eiga þeir eftir sem áður að skila **launamiðum** á rafrænu formi fyrir **20. janúar 2024**. Samtalningsblaði úr launakerfi, þar sem fram koma samtölur allra reita á launamiðum, sem sendir eru til skattyfirvalda, skal skilað með þeim launamiðum sem sendir eru á pappír, geisladiski eða segulmiðli, til afstemmingar við innlestur.

Skil á hlutafjármíðum og samtalningsblaði hlutafjár

Minnt skal að öllum hlutafélögum, einkahlutafélögum, samlagshlutafélögum og samvinnuhlutafélögum ber að skila **hlutafjármíðum RSK 2.045**, ásamt samtalningsblaði hlutafjár RSK 2.04. Á hlutafjármíðum þurfa m.a. að koma fram upplýsingar um hlutafjáreign hluthafa í árslok og greiddan arð til þeirra á árinu 2023. Sömu skilafrestir eiga við um skil hlutafjármíða og launamiða.

Með sama hætti eiga samvinnufélög að skila stofnsjóðsmiðum RSK 2.065 og samtalningsblaði stofnsjóðs RSK 2.06.

Rafræn skilaleið launamiða og hlutafjármíða

Skatturinn býður upp á launamiðaskil sem felast í beinum skilum úr launakerfum með XML-skeyti eða skráningu launamiða og innlestri launamiðaskrá á þjónustusíðu launagreiðanda á **skattur.is**.

Allir launagreiðendur og hlutafélög eru hvött til að nota þessar rafrænu skilaleiðir vegna skila á launamiðum og hlutafjármíðum.

Skil á afdreginni staðgreiðslu af vöxtum og arði

Öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila ber að skila RSK 5.19, skilagrein vegna skatts af vöxtum og arði. **Hafi ekki verið um að ræða neinar skattskyldar greiðslur arðs, vaxtatekna eða affalla á árinu, skal skila núllskýrslu til skattyfirvalda.**

Gjalddagar afdreginnar staðgreiðslu skatts af vöxtum og arði eru 20. janúar, 20. apríl, 20. júlí og 20. október en eindagi 15 dögum síðar. Greiða skal í síðasta lagi á eindaga.

Hægt er að standa rafrænt að þessum skilum á þjónustusíðu á **skattur.is.**